

# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

kt. 550399-2299

Símar: 4312740 og 4312750

netf: heilbrigðiseftirlit@vesturland.is

Hvalfjarðarsveit, 19. desember 2016.

Akraneskaupstaður  
framkv.stj. stjórnslu- og fjármálasviðs  
Steinar Adolfsson  
Stillholti 16-18  
300 Akranes  
netfang. steinar.adolfsson@akranes.is

Heilbrigðisnefnd Vesturlands (HeV) barst hinn 12. desember s.l. erindi frá Akraneskaupstað, þar sem beðið var um umsögn vegna fyrirhugaðrar hækkunar á gjaldskrá fyrir kattahald á Akranesi 2017.

Með erindinu fylgdi áætlun úr fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir 2017, þar sem fram koma útgjöld og tekjur vegna gæludýrahalds á næsta ári.

Erindið var tekið fyrir á stjórnarfundum heilbrigðisnefndar Vesturlands fyrr í dag.

Eftirfarandi bókun var gerð og samþykkt samhljóða:

*Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir fyrirbyggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um kattahald á Akranesi nr. 781/2010.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
framkv.stj. heilbrigðiseftirlits  
VESTURLANDS